



## Styrktarstefna Arion banka

Við hjá Arion viljum vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi, efnahagslífi og því samfélagi sem við störfum í.

Við látum gott af okkur leiða og tökum virkan þátt í okkar samfélagi, m.a. með styrkveitingum sem tengjast okkar kjarnastarfsemi og styðja Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, með sérstaka áherslu á þau heimsmarkmið sem við höfum í forgrunn:

- Jafnrétti kynjanna
- Sjálfbær orka
- Góð atvinna og hagvöxtur
- Nýsköpun og uppbygging
- Ábyrg neysla og framleiðsla
- Aðgerðir í loftslagsmálum

Við styrkjum ekki verkefni á grundvelli persónulegra hagsmuna eða viðskiptatengsla, styrkjum ekki rekstur fyrirtækja og leitumst við að hafa ferlið gagnsætt og einfalt.

Við val á styrkþegum og samstarfsaðilum er horft til stjórnarháttá, umhverfis- og loftslagsmála og félagslegra þátta og þurfa allir samstarfsaðilar að standast „birgjamat“ bankans þar að lútandi. Sé samstarf til lengri tíma framkvæmir bankinn reglulegt mat á viðkomandi þáttum.